

15.5.2010

Alþingi  
Erindi nr. þ 138/2288  
komudagur 17.5.2010

Kæru Alþingis menn og aðrir nefndarmenn samgöngumála.

Ég var á fundi hjá Samtökum ferðaþjónustunar og Vegagerðinni og þar kom það fram að ekkert fé er lengur lagt til svokallaðra "Ferðamannvega" og það eru aðeins lagðar 100 milljónir í vegheflanir á hálendinu. En það dugar að sögn Vegagerðarinnar ekki til þess opna Hálendisvegina alla, þar sem það kosti ca. 170 milljónir.

Vill ég því benda á að á samátíma er verið að leggja rúmar 60 milljónir til Reiðvega og 100 milljónir til girðinga.

Kemur þetta fram á bls. 19 í samgönguáætlun 2009 – 2012.

Viljum við beina þeim hugmyndum til nefndarmanna að þetta verði lagfært þannig að tryggt sé að hægt verði að opna alla hálendisvegi fyrir sumarið og mætti þar taka fé af girðingum og reiðvegum.

Ég mótmæli því og beindi á að full ástæða er að halda gangandi því kerfi sem búið er að byggja upp með því að sinna lágmarksviðhaldi og þjónustu fyrir þá sem nota vegakerfið.

Ferðaþjónustan er ein af undirstöðuáttvinnugreinum í gjaldeyrisöflun þjóðarbúsins og fer stór hluti erlendra ferðamanna um vegi sem teljast landsvegir utan stofnvegakerfis.

Ég fer því fram á að fjárframlög til heflunar verði aukið og mætti á móti minka framlag í reiðvegi og girðingar. Þannig eru meiri möguleikar á að umferð um landsvegi utan stofnvegakerfis geti gengið áfallalaust fyrir sig í sumar. Einnig vil ég benda á að auknu fjármagni verði varið í að viðhalda og þjónusta það vegakerfi sem búið er að byggja upp í staðin fyrir nýbyggingarverkefni sem ekki er brýn þörf á eins og 2+2 vegur á suðurlandsvegi.

Kær Kveðja - Best Regards  
Ingibjörg Guðjónsdóttir